

Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
11. ágú. 2011 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. ágúst 2011
Tilvísun: UST20110600096/vgh

Efni: Deiliskipulag; Norðurströndin, Geldinganes að Blikastaðakró.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar dags. 9. júní s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar á fyrirhuguðu deiliskipulagi Norðurstrandar, Geldinganes að Blikastaðakró. Svæðið er samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Kayakkúbburinn hefur óskað eftir framtíðaraðstöðu á eiðinu út í Geldinganes og því nær deiliskipulagssvæðið yfir strandlengjuna frá Blikastaðakró að eiðinu út í Geldinganes sem ein skipulagsheild. Svæðið er rúmí 40 ha meðfram ströndinni og afmarkast af Strandvegi til suðurs, golfbrautum norðan Staðahverfis að suð- og suðaustan, sjónum og fjörunni að norðan og svæðinu við umhverfislistaverkin í Gufunesi til vesturs.

Ströndin frá Blikastaðakró að odda Geldinganes er ósnortin að mestu og hefur svæðið mikið verndargildi vegna náttúru og fuglalífs. Lífríkar fjörur einkenna þetta svæði. Öll strandlínan við norðurströndina nýtur hverfisverndar skv. greinargerð I – stefnumörkun í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Norðurströndin er því hverfisverndarsvæði ásamt því að vera svæði á náttúruminjaskrá nr. 130 en því er lýst svo; „Úlfarsá og Blikastaðakró, Reykjavík, Mosfellsbæ. (1) Úlfarsá frá upptökum að Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganes í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár. (2) Fögur og góð laxveiðiá, víða grónir vallendisbakkar, fjölbreyttar og lífauðugar fjörur“. Svæðið liggur að öðru svæði á náttúruminjaskrá nr.131 en því er lýst svo; „Leirvogur, Mosfellsbæ. (1) Óshólmar Leirvogsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró og Gunnunesi. (2) Fjölbreytilegur strandgróður, lífríkar fjörur, mikið fuglalíf“

Deiliskipulagssvæðið nær yfir svæði sem fellur undir hverfisvernd í gildandi aðalskipulagi og því háð lögum nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlaða. Ekki verður farið í sérstakar rannsóknir en stuðst við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og leitað til sérfræðinga varðandi áhrif einstakra þátta á vinnslutíma. Helstu umhverfisþættir eru; áhrif á hljóðvist, landslag, gróður og fugla, landnotkun, verndarsvæði og fornminjar.

Markmið skipulags


Samkvæmt innsendri matslýsingu er markmið skipulagsins að skipulag svæðisins verði ein heild, tryggja að fjörunnar haldist fjölbreyttar, óspilltar og lífríkar með áherslu á sérstöðu svæðisins sem verndarsvæði. Gera á aðgengi að svæðinu á látlausan hátt og vernda náttúru- og söguminjar ásamt því að hlúa að fugla- og dýralífi. Finna á framtíðaraðstöðu fyrir Kayakklúbb Reykjavíkur á svæðinu og afmarka byggingareit fyrir núverandi hús veiðifélagsins við Blikastaðakró. Tryggja á áfram leiðir gangandi og hjólandi meðfram ströndinni sem og við nálæg íbúðahverfi. Auðga á útivistarmöguleika svæðisins með fjölgun áningarstaða og fræðsluskilta. Öllum framkvæmdum verður haldið í lágmarki á skipulagssvæðinu og nýtingarhlutfall hugsanlegra byggingareita ákveðið í deiliskipulagi.


Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Ströndin frá Blikastaðakró að odda Geldinganes er að mestu ósnortin og er eitt stærsta óspillta strandsvæðið á norðurströnd Reykjavíkurborgar. Svæðið hefur mikið verndargildi vegna náttúru, fuglalífs og lífríkra fjara. Stofnunin tekur undir markmið skipulagsins, að tryggja skuli að fjörunnar haldist fjölbreyttar, óspilltar og lífríkar með áherslu á sérstöðu svæðisins sem verndarsvæði. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að samráð sé á milli sveitarfélaga vegna aðliggjandi svæða nr. 130 og 131 á náttúruminjaskrá til að tryggja heildstæða verndun svæðanna. Stofnunin bendir á að samkvæmt 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999 njóta samkvæmt e lið, sjávarfitjar og leirur sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun þessara vistkerfa. Einnig skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði náttúruminjum á náttúruminjaskrá. Í matslýsingu fyrir deiliskipulagið kemur fram að í Kayakklúbbi Reykjavíkur séu um 400 virkir meðlimir. Núverandi bráðabirgðaaðstaða er ofan í fjörunni þar sem flóðs og fjöru gætir. Stofnunin bendir á að meta þurfi fyrirhugað framkvæmdasvæði vegna framtíðaraðstöðu Kayaksklúbbs, með tilliti til fráveitna samkvæmt 4. gr laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna sem og geymslu- og bryggjuaðstöðu og áhrifum þeirra mannvirkja á lífríki fjörunnar. Einnig þarf að gæta að sjónrænum áhrifum mannvirkja og að þau falli sem best að svipmóti lands sbr. 35. gr laga um náttúruvernd.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir stofnunin ekki frekari athugasemdir að svo stöddu við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir